


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	ENSK1LO05 Námsáætlun – Haustönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 3		

Kennari	Anke Maria Steinke Erna H Gunnarsdóttir Karen Malmquist	Sk.st.	AMS EHG KMQ
----------------	---	---------------	-------------------

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er lögð mikil áhersla á lestur fjölbreyttra texta til að auka lesskilning og orðaforða. Auk þess er nemandinn þjálfaður markvisst í munnlegri tjáningu og ritun. Undirstöðuatriði enskrar málfræði eru rifjuð upp. Lesnar eru óstyttaðar smásögur með það að markmiði að þjálfa nemandann í textaryni og túlkun. Nemendur vinna ýmist sjálfstætt eða í hópum að fjölbreyttum og skapandi verkefnum, m.a. úr sjálfvöldu efni. Markmið áfangans er að nemandur auki grunnþekkingu sína í ensku og geri sér grein fyrir hvernig hún nýtist þeim á fjölbreyttan og hagnýtan hátt.

Þekkingarviðmið – Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- almennum orðaforða sem tengist efni áfangans
- grundvallarþáttum málfræðinnar
- notkun hjálpargagna svo sem orðabóka og leiðréttingarforrita
- algengum framburðarreglum
- formgerð og byggingu texta og mismuninum á töluðu og rituðu máli

Leikniviðmið – Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig munnlega og skriflega í samfelldu máli um sjálfan sig, umhverfi sitt og annað sem tengist efni áfangans
- skrifa einfaldan texta um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á
- lesa mismunandi texta
- hlusta og skilja almenn samtöl
- nota stafrænar orðabækur, upplýsingatækni og nauðsynleg hjálpargögn í tungumálanámi
- taka þátt í einföldum samræðum
- setja upp texta á viðeigandi hátt eftir aðstæðum hverju sinni

Hæfniviðmið – Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:


- beita mismunandi lestraraðferðum eftir því sem við á
- beita grundvallaratriðum enskrar málfræði í ritun og tali
- rýna í styttri bókmenntatexta
- afla sér upplýsinga á fjölbreyttan hátt um mismunandi málefni
- gera greinarmun á mismunandi málnotkun eftir aðstæðum og fylgja eftir og taka þátt í samræðum um efni sem farið hefur verið í
- þróa með sér aga og skipulögð vinnubrögð
- útskýra og rökstyðja skoðanir sínar á tilteknum málefnum á enskri tungu
- miðla eigin þekkingu og skoðunum á efni sem hann hefur kynnt sér
- leysa úr viðfangsefnum, einn eða í samstarfi við aðra

Námsgögn:

English for Basics of English - ENSK1LO05 (fæst á skrifstofu VMA)

Smásagnahefti: *ENSK1LO05* (fæst á skrifstofu VMA)

Ljósritað efni frá kennara

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	ENSK1LO05 Námsáætlun – Haustönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 3		

Áætlun um yfirferð:


Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
34-38 22/08-19/09	Kynning á námsefni áfangans. Lesnir kaflar 1 - 3 í <i>English for Basics of English</i> , málfræði skoðuð og verkefni unnin. Smásagan " Lamb to the Slaughter " lesin og rædd.	Smásagan "Lamb to the Slaughter": verkefni (5%).
39-42 22/09-17/10	Lesnir kaflar 4 - 6 í <i>English for Basics</i> , málfræði skoðuð og verkefni unnin.	Kaflapróf úr köflum 1 - 4 (6%) Textaverkefni (8%)
43-46 20/10-14/11	Lesnir kaflar 7 - 9 í <i>English for Basics</i> , málfræði skoðuð og verkefni unnin. Smásagan " Shatter Proof " lesin og rædd.	Smásagan "Shatter Proof": verkefni (5%). Kaflapróf úr köflum 5 - 8 (6%). Kynningarverkefni (8%)
47-49 17/11-02/12	Lesnir kaflar 10 - 12 í <i>English for Basics</i> , málfræði skoðuð og verkefni unnin. Smásagan " The Open Window " lesin og rædd.	Smásagan "The Open Window": verkefni (5%). Hlustunarpróf (5%)

Verkefni:

Ýmis verkefni verða unnin í tímum og heima. Mikil áhersla er lögð á virkni og vinnusemi nemenda í tímum.

Námsmat og vægi námsþátta:

Lýsing	Vægi
Verkefni úr smásögum (5% hvert)	15%
LesPez	7%
Ritunarverkefni (2 stk.)	5%
2 kaflapróf	12%
Kynningarverkefni – hópavinna (hámark 3), jafningjamat/kennaramat	8%
Textaverkefni (val nemenda)	8%
Hlustunarpróf	5%
Lokapróf	40%

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	ENSK1LO05 Námsáætlun – Haustönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 3		

Námsmat

Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag nema annað sé tekið fram. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn (1) fyrir hvern virkan dag sem líður.

Lágmarkseinkunn í áfanganum er 5 (þ.e. 45% til 54% markmiða náð).

Verði nemandi uppvís að ritstuldi við samningu ritgerða eða annarra verkefna, fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

Dagsetning: 18.08.2015

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils